

**AMNESTY  
INTERNATIONAL**



Katrín Jakobsdóttir  
Háttvirtur forsætisráðherra  
Stjórnarráðið

Reykjavík 23. febrúar 2024

## **Efni: Opið bréf til heimsleiðtoga vegna brýnnar nauðsynjar fjárhagsstuðnings við Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna**

Háttvirtur forsætisráðherra Katrín Jakobsdóttir

Íslandsdeild Amnesty International lýsir yfir alvarlegum áhyggjum vegna ákvörðunar ríkisstjórnar Íslands um að frysta fjármögnun til Palestínuflóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) og hvetjum þig til að tryggja að ríkistjórn þín styðji störf UNRWA.

Frysting fjármagns eykur á þjáningar rúmlega tveggja milljóna palestínskra flóttamanna, sem skráðir eru flóttamenn hjá UNRWA. Rúmlega 70% íbúa Gaza hafa verið á landflotta síðan árið 1948 en nú vofir yfir öllum íbúum svæðisins yfirgnæfandi hættu á hópmorði. Nýleg bráðabirgðaniðurstaða Alþjóðadómstólsins (ICJ) er sú að það eru trúverðugar vísendingar um að Ísrael hafi nú þegar framið að minnsta kosti hluta þeirra verknaða sem falla undir sáttmála um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir hópmorð (hér eftir alþjóðasáttmáli um hópmorð). Dómstóllinn fyrirskipaði meðal annars að Ísrael „skuli gera tafarlaugar og skilvirkar ráðstafanir til að hægt sé að veita brýna nauðsynlega grunnþjónustu og mannúðaraðstoð til að bregðast við slæmum lífsskilyrðum sem Palestínubúar standa frammi fyrir á Gaza.“ Í ljósi hættunnar á hópmorði á Palestínubúum á Gaza lýsir Amnesty International yfir þungum áhyggjum af ákvörðun um að frysta fjármögnun til UNRWA og skorar á þig að snúa ákvörðuninni við.

Amnesty International viðurkennir alvarleika ásakana sem ísraelska ríkisstjórnin setti fram á hendur 12 af 30.000 starfsmönnum UNRWA um þátttöku þeirra í brotum á alþjóðalögum, þar á meðal stríðsglæpum, gegn ísraelskum borgurum þann 7. október. Amnesty International hefur rannsakað sex blaðsíðna skjal sem inniheldur þær ásakanir sem Ísrael hefur lagt fram um málið. Komust samtökin að þeirri niðurstöðu að þar eru engin sönnunargögn sem benda til þess að UNRWA beri ábyrgð á þeim sökum sem bornar hafa verið á hendur umræddum starfsmönnum. Reynast umræddar sakir á rökum reistar tengjast þær ekki starfssviði þeirra hjá UNRWA. Amnesty International bendir á að UNRWA tilkynnti uppsögn hlutaðeigandi tíu starfsmanna en tveir úr hópi þeirra tólf sem sættu meintum sökum hafa verið drepnir. Innri eftirlitsskrifstofa Sameinuðu þjóðanna hefur auk þess hafið rannsókn á ásökunum samhliða því að

framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hóf sjálfstæða rannsókn á UNRWA. Hinir grunuðu verða að sæta skilvirkri, óháðri og gagnsærrri rannsókn. Komi í ljós að þeir beri ábyrgð á brotum á alþjóðalögum skulu þeir dregnir til ábyrgðar í sanngjörnum réttarhöldum í samræmi við alþjóðalög. Amnesty International bendir á að hingað til hefur engum trúverðugum rannsóknnum á þessum ásökunum verið lokið. Ísraelsk stjórnvöld og vilhallir hópar hafa gagnrýnt UNRWA áður en umræddar ásakanirnar komu fram og sú gagnrýni heldur áfram að aukast. Þessir aðilar og hluti ísraelskra stjórnvalda hafa einnig dreift hatursfullri orðræðu gegn Palestínubúum með því að halda því fram að UNRWA innræti börn þannig að þau hneigist til „hryðjuverka“.

Í þessu tilliti bendir Amnesty International á yfirlýsingu Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, þar sem hann vísar í: „baráttu á milli barna ljóssins og barna myrkursins“. Umrædd yfirlýsing var hluti af gögnum sem lögð voru fram fyrir Alþjóðadómstólinn í Haag af hálfu Suður-Afríku sem dæmi um stefnuyfirlýsingu um hópamorð.

Ásakanir á hendur fáeinum einstaklingum um verknað sem tengist ekki þeirra starfssviði réttlætir aldrei jafn róttæka ákvörðun og ríkisstjórn Íslands hefur tekið vegna þeirra hörmulegu áhrifa hún hefur fyrir líf og afdrif milljóna einstaklinga. Í þeirri mannúðarneyð sem nú er á Gaza er það hlutverk UNRWA að veita aðstoð, mat og skjól gríðarlega mikilvægt og lífsnauðsynlegt. Rúmlega 1,7 milljónir íbúa á Gaza eru vegalausar, nærri milljón þeirra hefur leitað skjóls í yfirfullum skólum og athvörfum sem UNRWA rekur. Rúmlega 28.000 Palestínubúar hafa verið drepnir á Gaza síðan 7. október, talið er að yfir 10.000 þeirra sem saknað er liggi enn undir rústunum. Samkvæmt palestínska heilbrigðisráðuneytinu á Gaza hafa næstum 5% íbúa Gaza verið drepnir, eru særðir eða týndir. 2,2 milljónir einstaklinga hafa með skipulögðum hætti verið sviptir fullnægjandi aðgengi að mat, hreinu vatni, hreinlætisaðstöðu og læknishjálpi og hætta er á að hungursneyð.

Að frysta fjármögnun til UNRWA, sérstaklega í ljósi þess að enginn annar aðili í mannúðarstarfi er til staðar sem getur fyllt skarðið, eykur mjög á vandann og brýtur í bága við fyrirskipun Alþjóðadómstólsins um bráðabirgðaráðstafanir og ályktun númer 2720 hjá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um að auka en ekki minnka mannúðaraðstoð til allra óbreyttra borgara á Gaza.

Forstöðumenn allra stofnana Sameinuðu þjóðanna hafa skýrt lýst því yfir að: „Enginn annar aðili hefur getu til að veita þá umfangsmiklu og víðtæku aðstoð sem 2,2 milljónir íbúa Gaza þurfa svo nauðsynlega á að halda“. Helstu mannúðarsamtök hafa ítrekað sömu skilaboð.

Hætta er á að frýsting fjármögnunar leiði til þess að litið verði á sameiginlega refsingu á palestínsku fólki, fyrir tilverknað fárra einstaklinga (e. collective punishment), sem lögmæta aðgerð. Ísraelskt embættisfólk hefur reynt að réttlæta brot sín á alþjóðalögum, þar á meðal handahófskenndar sprengjuárásir, herkví og hindrun á aðgengi að mat og vatni til íbúa á Gaza, með því að vísa í árásir Hamas og annarra vopnaðra hópa hinn 7. október. Að neita milljónum Palestínubúa um lífsnauðsynlega aðstoð á grundvelli ásakana á hendur örfáu starfsfólki UNRWA um verknað sem tengist ekki starfi þeirra mun skaða óbreytta borgara og getur talist sem brot á alþjóðalögum sem banna sameiginlega refsingu heils hóps fyrir verknað fárra einstaklinga.

Í ljósi niðurstöðu Alþjóðadómstólsins í Haag þann 26. janúar síðastliðinn í máli Suður-Afríku á hendur Ísrael þar sem Ísrael var fyrirskipað að grípa til bráðabirgðaráðstafana á grundvelli alþjóðasáttmála um hópamorð er ákvörðun um frystingu verulegt áhyggjuefni á nokkra vegu:

- Í ljósi þess að skelfileg teikn eru á lofti um að hópamorð eigi sér stað er aukin hættu á að ákvörðun um að frysta fjármögnun til UNRWA auki ef ekki ýti undir þann skaða, sem alþjóðasáttmáli um hópamorð leitast við að koma í veg fyrir þar sem hún hindrar að UNRWA geti sinnt mannúðarstarfi sínu.
- Eins og fram kemur í vísun Alþjóðadómstólsins í Haag í máli Suður-Afríku á hendur Ísrael, er UNRWA ein af fáum stofnunum sem skráir kerfisbundið og ítarlega afleiðingar hernaðar Ísraels gegn óbreyttum borgurum á Gaza ásamt því að gefa út skýrslur um stöðu mála. Dómstóllinn vitnaði í nokkrar yfirlýsingar UNRWA sem rökstuðning fyrir ákvörðun sinni um fyrirskipun um bráðabirgðaráðstafanir gegn Ísrael. Frysting fjármögnunar til UNRWA á þessum tímapunkti getur haft skaðleg áhrif á mikilvæga vitnisburði um verknaði sem framdir eru á Gaza sem annars yrði hægt að nýta sem sönnungargögn í réttarhöldum síðar meir. Það er líklegt að stöðvun á starfsemi UNRWA geti leitt til þess að brot á alþjóðasáttmála um hópamorð verði ekki tilkynnt eða verði falin.
- Ákvörðunin um að frysta fjármögnun UNRWA grefur undan fyrirskipun Alþjóðadómstólsins í Haag um bráðabirgðaráðstafanir sem Ísrael ber að framfylgja til að greiða fyrir að brýn og nauðsynleg grunnþjónusta og mannúðaraðstoð verði veitt á Gaza.

Hlutverk UNRWA er ekki bundið við hernumdu svæðin á Gaza. UNRWA veitir palestínsku flóttafólki á Vesturbakkanum grunnþjónustu, þar meðtalin hernumdu svæðinu í Austur-Jerúsalem, í Jórdaníu, Líbanon og Sírylandi. Án UNRWA myndu milljónir Palestínubúa verða sviptar þessari þjónustu. Þrátt fyrir ákall um stöðvun fjárstuðnings við UNRWA hefur Ísrael ekki skuldbundið sig til að veita þessa þjónustu á svæðum undir hernámi þeirra, líkt og þeim ber skylda til samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum. Þvert á móti heldur Ísrael áfram að hefta aðgengi að nauðsynlegri þjónustu, ekki aðeins á Gaza, heldur einnig á Vesturbakkanum. Síryland, Jórdanía og Líbanon standa öll frammi fyrir efnahagskreppu og hafa í gegnum tíðina ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart flóttafólki.

Amnesty International hefur veitt því eftirtekt að Ísraelsríki og hópar sem tengjast landtöku (vinna að nauðungarflutningum palestínsks fólks og að stækka landtökusvæði) hafa um árabíl haft í frammi ófrægingarherferð gegn UNRWA, með það fyrir augum að auðvelda nauðungarflutninga palestínskra íbúa á hernumdu svæðunum í Palestínu og grafa undan rétti milljóna palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til síns heima.

UNRWA gegnir lykilhlutverki í að vernda rétt Palestínubúa til að snúa aftur á heimaslóðir í samræmi við 194. ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt ályktuninni skal flóttafólk, sem snúa vill aftur til síns heima og búa í friði við nágranna sína, fá heimild til þess eins fljótt og auðið er. Jafnframt segir í ályktuninni að greiða skuli bætur fyrir eignir þeirra sem kjósa

að snúa ekki aftur og fyrir tap eða skemmdir á eignum en samkvæmt meginreglum þjóðaréttar eða jafnræðis hvílir slík bótaskylda á ábyrgum stjórnvöldum eða yfirvöldum.

Ófrægingarherferðin sem miðar að því að frysta fjármagn til UNRWA eykur hættuna á því að grafið sé undan rétti 5,6 milljóna Palestínubúa að snúa aftur á heimaslóðir sínar. Katz utanríkisráðherra Ísraels gaf í skyn hvert raunverulegt markmið ófrægingarherferðar væri: „Við höfum varað við því í mörg ár að UNRWA viðheldur flóttamannavandamálinu“. Árið 2017 talaði þáverandi utanríkisráðherra Ísraels, Avigdor Lieberman, fyrir því að UNRWA yrði leyst upp með því að vísa í hlutverk þess að standa vörð um réttinn til að snúa aftur á heimaslóðir. Árið 2018 endurtók Netanyahu forsætisráðherra: „Þetta eru samtök sem viðhalda vanda sem fylgir palestínsku flóttafólki. Þau viðhalda líka sögunni um réttinn til að snúa aftur til síns heima , ...því ætti að fjarlægja UNRWA úr heiminum.“

Frysting fjármagns til UNRWA grefur undan því að hægt sé að búa á Gaza og eykur þar með þrýsting á íbúa að yfirgefa Gaza.

Að lokum bendir Amnesty á tvískinnung sumra ríkja þegar kemur að alvarlegum ásökunum um misgjörðir í tengslum við þessi átök. Í þessu sambandi hafa fjölmörg ríki fryst fjármögnun til UNRWA án þess að framkvæma eigin rannsóknir. Aftur á móti hafa þessi sömu ríki ekki gert neinar ráðstafanir í áratugi, eins og krafist er samkvæmt alþjóðalögum, til að binda enda á gróf brot Ísraels, eins og ólöglega innlimun á hernumdu svæðin í Austur-Jerúsalem og flutning óbreyttra borgara til ólöglegra byggða á hernumdu svæðum í Palestínu. Nýlega hafa þessi ríki ekki gripið til neinna aðgerða til að bregðast við sannfærandi sönnunargögnum um þátttöku ísraelskra embættismanna og hermanna í brotum á alþjóðasáttmálanum um hópamorð, stríðsglæpum, glæpum gegn mannúð tengdum aðskilnaðarstefnunni og öðrum alvarlegum mannréttindabrotum. Sum þessara ríkja útvega jafnvel Ísrael vopn og hernaðaraðstoð. Þar með hafa ríki sem frysta fjárveitingar til UNRWA sýnt fram á að þau líti á líf og réttindi Palestínubúa sem minna virði en líf og réttindi Ísraela.

Í ljósi ofangreinds, köllum við eftir því að þú:

- Tryggir að ríkisstjórn þín styðji fjárhagslega við UNRWA í ljósi hættu á hópamorði Palestínubúa á Gaza.
- Fordæmir opinberlega áform um nauðungarflutninga palestínskra íbúa á Gaza og staðfestir rétt Palestínubúa til að snúa aftur til síns heima.

Snúi Ísland við ákvörðun sinni um að frysta fjárhagsstuðning við UNRWA myndi það sýna gott fordæmi og leiðtogafærni sína á alþjóðavettvangi er viðlíttur virðingu fyrir mannúð og mannréttindum.

Fulltrúar Íslandsdeildar Amnesty International eru reiðubúnir til að hitta þig til að ræða við þig um þær áhyggjur sem lýst er hér að ofan og/eða veita frekari upplýsingar sé óskað eftir því.

Virðingarfyllst,  
f.h. Íslandsdeild Amnesty International



---

Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri